



BARNAVERNDARSTOFA

---

Samanburður á úrræðum og umsóknum  
um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu  
níu mánuðum áráanna 2018 - 2021

**Október 2021**

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum áráanna 2018, 2019, 2020 og 2021 sem og upplýsingar frá Barnahúsi.

### **Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknir um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu voru jafn margar á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan, eða 117 umsóknir. Sé miðað við sama tímabil áráanna á undan má sjá að nokkrar sveiflur eru á umsóknum, en þær voru alls 129 árið 2018 og 103 árið 2019. Líkt og fyrri ár bárust flestar umsóknir vegna MST, eða 83 umsóknir. Er það svipaður fjöldi umsókna og bárust á sama tímabili árin 2018 og 2020. Alls bárust 25 umsóknir vegna Stuðla á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, en slíkar umsóknir voru 29, 21 og 24 á sama tímabili áráanna 2018-2020. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 38,5% og fleiri umsóknir um meðferð bárust vegna drengja en stúlkna, líkt og fyrri ár.

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru færri á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 en á sama tímabili árin 2019 og 2020, en fleiri en bárust á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Líkt og fyrri ár voru flestar beiðnir vegna tímabundins fósturs, en slíkar beiðnir voru þó nokkuð færri en á sama tímabili áráanna á undan. Fleiri beiðnir bárust vegna drengja en stúlkna fyrstu níu mánuði ársins 2021, og er það í takt við fyrri ár.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 36 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 og voru því svipaðar og á sama tíma árin 2019 og 2020, þegar 37 og 38 umsóknir bárust. Er fjöldi umsókna fyrstu níu mánaða 2021 því í takt við síðustu 2 ár á undan. Þá má nefna að árið 2018 bárust 54 umsóknir á fyrstu 9 mánuðum ársins.

### **Mikil aukning í Barnahúsi**

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 228 á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 í 323 fyrir sama tímabil á árinu 2021, en þau voru 173 og 163 á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 og 2019.

Skýrslutökur fyrir dómi voru 213 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, 149 fyrir sama tímabil árið á undan en 91 og 88 á fyrstu níu mánuðum áráanna 2018 og 2019. Sú fjölgun sem má sjá á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, miðað við sama tímabil áráanna á undan, má helst rekja til fjölgunar skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis.

Á tímabilinu janúar til september 2021 voru skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis tvöfalt fleiri en á sama tímabili árið 2020. Raunar er staðan sú að nú, þegar tölur fyrir fyrstu 9 mánuði

ársins eru teknar saman, má sjá að skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis voru 15,6% fleiri en allt árið 2020. Er munurinn enn meiri sé miðað við allt árið 2018 og 2019.

Eins má benda á að á tímabilinu janúar til september 2021 var heildarfjöldi skýrslutaka vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis svipaður og samanlagður fjöldi skýrslutaka árin 2018 og 2019. Þá ber að nefna að árið 2020 voru óvenju margar skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis, en fjöldi slíkra skýrslutaka fyrstu 9 mánuði ársins 2021 virðist vera á pari við árið 2020.

Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 110 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021. Eru það fleiri könnunarviðtöl en síðustu ár, en á sama tímabili áráanna 2018-2020 voru könnunarviðtöl 75-82. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl fyrstu níu mánuði ársins 2021, líkt og fyrri ár.

### **Vistunardagar svipað margir á Stuðlum og í fyrri**

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 124 í 115 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardagar voru 600 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, eða svipað margir og á sama tímabili 2020 þegar vistunardagar voru alls 597. Eru það heldur færri vistunardagar en fyrstu níu mánuði áráanna 2018 og 2019 þegar þeir voru 883 - 1.040. Alls komu 57 börn á lokaða deild á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, en þau voru 58 á sama tímabili árið 2020.


# Umsóknir um meðferð

Umsóknir um meðferð eftir meðferðarúrræði

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir fyrstu 9 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	29	22,5	21	20,4	24	20,5	25	21,4
Önnur meðferðarheimili*	17	13,2	15	14,6	9	7,7	9	7,7
MST	83	64,3	67	65,0	84	71,8	83	70,9
<b>Alls</b>	<b>129</b>	<b>100</b>	<b>103</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>

\* Laugaland og Lækjarbakki.



Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 bárust 25 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla. Líkt og hér má sjá voru umsóknir á meðferðardeild Stuðla svipað margar fyrstu níu mánuði ársins 2021 og á sama tímabili árið 2020.

Á tímabilinu janúar til september 2021 bárust níu umsóknir vegna annarra meðferðarheimila og eru það jafn margar umsóknir og höfðu borist á sama tímabili árið 2020. Árið 2018 bárust tvöfalt fleiri umsóknir á fyrstu níu mánuðum ársins en árið 2019 voru umsóknirnar 15.

Þá bárust 83 umsóknir vegna MST fyrstu níu mánuði ársins 2021. Eru það jafn margar eða svipað margar umsóknir og bárust á sama tímabili árið 2018 og 2020.

## Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	44	34,1	42	40,8	37	31,6	33	28,2
Nágrenni Reykjavíkur*	43	33,3	25	24,2	32	27,4	39	33,3
Landsbyggð	42	32,6	36	35,0	48	41,0	45	38,5
<b>Alls</b>	<b>129</b>	<b>100</b>	<b>103</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	80	62,0	68	66,0	72	61,5	67	57,3
Stúlkur	49	38,0	35	34,0	45	38,5	49	41,9
Annað <sup>1</sup>	-	-	-	-	-	-	1	0,9
<b>Alls</b>	<b>129</b>	<b>100</b>	<b>103</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>	<b>117</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 38,5% allra umsókna.

Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði ársins 2021 vegna meðferðarúrreða, voru vegna drengja, sem er í takt við fyrri ár.

## Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs fyrstu 9 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	51	56,0	77	63,6	66	55,5	44	46,8
Varanlegt	21	23,1	23	19,0	32	26,9	28	29,8
Styrkt	19	20,9	21	17,4	21	17,6	22	23,4
<b>Alls</b>	<b>91</b>	<b>100</b>	<b>121</b>	<b>100</b>	<b>119</b>	<b>100</b>	<b>94</b>	<b>100</b>



Beiðnir um fósturheimili voru heldur færri fyrstu níu mánuði ársins 2021 en þær voru fyrstu níu mánuði árána 2019 og 2020, eða 94 umsóknir samanborið við 121 og 119.

Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs, sem þó voru færri en fyrri ár. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 bárust 44 umsóknir vegna tímabundins fósturs, samanborið við 77 og 66 umsóknir á sama tímabili árin 2019 og 2020.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 bárust 28 umsóknir vegna varanlegs fósturs sem eru fleiri en á sama tímabili árin 2018 og 2019 en færri en bárust á sama tímabili árið 2020.

Minni munur var á fjölda beiðna vegna styrkts fósturs. Fjöldi umsókna vegna styrkts fósturs voru 22 á tímabilinu janúar til september 2021 en voru á bilinu 19-21 á árunum 2018-2020.

## Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	28	30,8	47	38,8	50	42,0	27	28,7
Nágrenni Reykjavíkur*	27	29,7	32	26,4	29	24,4	28	29,8
Landsbyggð	36	39,5	42	34,7	40	33,6	39	41,5
<b>Alls</b>	<b>91</b>	<b>100</b>	<b>121</b>	<b>100</b>	<b>119</b>	<b>100</b>	<b>94</b>	<b>100</b>

\*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	50	54,9	63	52,1	61	51,3	52	55,3
Stúlkur	41	45,1	58	47,9	57	47,9	42	44,7
Ekki vitað <sup>1</sup>	-	-	-	-	1	0,8	0	0,0
<b>Alls</b>	<b>91</b>	<b>100</b>	<b>121</b>	<b>100</b>	<b>119</b>	<b>100</b>	<b>94</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað.

Flestar beiðnir um fósturheimili bárust á tímabilinu janúar til september 2021 voru vegna barna sem bjuggu á landsbyggð, eða 41,5% allra umsókna. Er það hærra hlutfall en síðastliðin ár. Beiðnir um fósturheimili fyrir drengi voru fleiri en beiðnir um fósturheimili fyrir stúlkur, en hlutfall umsókna vegna drengja var aðeins hærra en síðastliðin ár.


# Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti fyrstu 9 mánuði hvers árs fyrir sig

## Þjónusta í Barnahúsi

	2018	2019	2020	2021
<b>Rannsóknarviðtöl</b>	173	163	228	323
a. Skýrslutökur*	91	88	149	213
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	59	61	73	133
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi</i>	32	27	76	80
b. Könnunarviðtöl	82	75	79	110
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	0	2	2	2
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila</i>	0	3	0	0
<b>Greiningar- og meðferðarviðtöl</b>	85	84	99	99
<b>Læknisskoðanir</b>	8	3	0	6

\*Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í tveimur tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2019, í sex tilvikum árið 2020 og í sex tilvikum árið 2021.



Strax á fyrstu mánuðum ársins mátti greina mikla aukningu skýrslutaka í Barnahúsi, sé miðað við árin á undan. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 voru skýrslutökur 213 en það eru 42,9% fleiri skýrslutökur en voru teknar á fyrstu níu mánuðum ársins 2020.

Flestar skýrslutökur vörðu kynferðislegt ofbeldi, eða 62,4% allra skýrslutaka. Þá voru skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis 82,2% fleiri á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 samanborið



við sama tímabili árið 2020. Skýrslutökur fyrstu níu mánuði ársins 2021 er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 80, sem er svipaður fjöldi skýrslutaka og á sama tímabili 2020 en vert er að taka fram að árið 2020 voru óvenju margar skýrslutökur vegna líkamlegs ofbeldis, miðað við árin á undan.


Kyn barna sem sóttu þjónustu í Barnahúsi fyrstu níu mánuði hvers árs fyrir sig

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	75	43,4	55	33,7	85	37,3	98	30,3
Stúlkur	98	56,6	108	66,3	143	62,7	225	69,7
<b>Alls</b>	<b>173</b>	<b>100</b>	<b>163</b>	<b>100</b>	<b>228</b>	<b>100</b>	<b>323</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á tímabilinu janúar til september 2021 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára.

Skýrslutökur í Barnahúsi samanborið við allt árið, áranna á undan



Hér fyrir ofan má sjá samanburð á fjölda skýrslutaka fyrstu níu mánuði ársins 2021 samanborið við allt árið síðustu þriggja ára á undan.

Strax á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 voru skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis fleiri en allt árið 2018, allt árið 2019 og nánast jafn margar og allt árið 2020. Nú, þegar tölur fyrir fyrstu 9 mánuði ársins eru teknar saman, má sjá að fjöldi skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 eru 56,4% fleiri en allt árið 2018, 26,7% fleiri en allt árið 2019 og 15,6% fleiri en allt árið 2020.

Skýrslutökur vegna líkamlegs og heimilisofbeldis voru 80 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 sem eru aðeins fleiri skýrslutökur en á sama tímabili árið 2020, eða 76. Þá ber að nefna að mikill munur er á fjölda skýrslutaka vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi fyrstu 9 mánuði áráanna 2020 og 2021 annars vegar og áráanna á undan, hins vegar. Á fyrstu 9 mánuðum áráanna 2018 og 2019 voru skýrslutökur vegna ofbeldis 32 og 27. Því er ljóst að slíkum skýrslutökum fjölgaði mikið árið 2020, fjölgun sem ber enn á árið 2021.

## Lokuð deild á Stuðlum

**Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla fyrstu 9 mánuði hvers árs fyrir sig**

<b>Lokuð deild á Stuðlum</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>
Fjöldi vistana	182	159	124	115
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	1.040	883	597	600
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun sky. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	72	35
Fjöldi einstaklinga	69	65	58	57

## Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	39	56,5	41	63,1	43	74,1	40	70,2
Stúlkur	30	43,5	24	36,9	15	25,9	17	29,8
<b>Alls</b>	<b>69</b>	<b>100</b>	<b>65</b>	<b>100</b>	<b>58</b>	<b>100</b>	<b>57</b>	<b>100</b>

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 115 á fyrstu níu mánuðum ársins 2021, en það eru aðeins færri vistanir samanborið við sama tímabil árið 2020. Sé miðað við þar á undan er fækkunin heldur meiri. Vistunardagar voru alls 600 í janúar fram í september 2021 en 597 á sama tímabili 2020.

Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla fyrstu níu mánuði ársins 2021 voru 57 börn, og þar af voru drengir í meirihluta.

## Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar fyrstu 9 mánuði hvers árs fyrir sig

### Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni*	29	53,7	20	54,1	16	42,1	20	55,6
Vesturland	5	9,3	3	8,1	2	5,3	2	5,6
Vestfirðir	1	1,8	1	2,7	2	5,3	3	8,3
Norðurland	5	9,3	5	13,5	5	13,2	4	11,1
Austurland	6	11,1	0	0,0	3	7,9	0	0,0
Suðurland	7	13,0	4	10,8	7	18,4	4	11,1
Reykjanes	1	1,8	4	10,8	3	7,9	0	0,0
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>54</b>	<b>100,0</b>	<b>37</b>	<b>100</b>	<b>38</b>	<b>100</b>	<b>36</b>	<b>100</b>

\*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 36 á tímabilinu janúar fram í september 2021 og er það í takt við fjölda umsókna síðastliðinna tveggja ára.